

Minnisblað - 2005027

Til: Byggðaráðs

Frá: Sveitarstjóra og verkefnisstjóra

Efni: *Stofnun nýsköpunar- og frumkvöðlaseturs í Dalabyggð*

Dags.: 27.05.2020

Þó Dalabyggð komi betur undan Covid-19 hvað varðar heilsu íbúa er ljóst að sveitarfélagið mun finna áhrif faraldursins á bæði afkomu og atvinnulíf. Því væri vert að skoða möguleika til að setja á fót nýsköpunar- og frumkvöðlasetur í sveitarfélaginu.

Ferðapjónusta hefur verið að byggjast upp á svæðinu en eins og spár sýna mun atvinnugreinin taka á sig verulegan skell á landsvísi, Dalabyggð ekki undanskilin. Nú þegar hafa einhverjir ferðapjónar ákveðið að opna ekki sumarið 2020 á meðan að aðrir íhuga að stytta þjónustutímabil sitt verulega.

Ungt fólk í sveitarfélaginu sækir sér framhaldsmenntun út fyrir sveitarfélagið og meirihluti dvelur við nám í öðru sveitarfélögum eftir grunnskólagöngu. Þrátt fyrir fjarveru yfir veturinn hafa sumir sótt sumarstörf í heimabyggð, aðrir hafa haldið áfram í störfum sem þeir hafa sinnt meðfram skóla yfir sumartímann eða sækja í störf fyrir sumarið á því svæði sem þeir sinna námi yfir vetrartímann. Miðað við nýjustu spár verður minna um þjónustustörf sumarið 2020 ásamt því að uppsagnir hafa verið þónokkrar hjá stærri fyrirtækjum og því verða fleiri sem munu sækja í þau störf sem þó verða í boði í sumar.

Á krefjandi tímum sem þessum eru Íslendingar duglegir við að hugsa út fyrir rammann og vitað er að að ýmsar hugmyndir eru í mótn. Oft þarf ekki meira til en stuðning og félagsskap annarra sem hugsa á svipuðum nótum til að hugmyndir komist í fulla framkvæmd. Þá hefur einhverjum íbúum staðið til boða atvinna án staðsetningar sem hægt væri að vinna ef aðstaða væri til staðar.

Þar sem vlíklegt er að ungt fólk komi heim í meiri mæli og einnig að færri störf verði í boði innan ferðapjónustunnar á svæðinu ætti Dalabyggð að leggja sitt af mörkum til að koma til móts við þá einstaklinga sem munu dvelja í sveitarfélaginu og þurfa á atvinnu að halda. Nú þegar hefur sveitarfélagið sent frá sér hugmyndir um sumarstörf fyrir námsmenn og fengið þar þrjú störf á svæðið, ásamt því að reynt er að styðja við þær atvinnugreinar sem þegar eru í sveitarfélaginu og þau störf sem möguleiki væri á að vinna innan þess.

Huga mætti að því að útbúa aðstöðu fyrir hugmyndaríka einstaklinga þar sem þeir hefðu rými til að vinna að verkefnum sínum og raungera viðskiptahugmyndir sem eftt gætu atvinnulíf innan sveitarfélagsins. Aðstöðuna væri einnig hægt að nýta fyrir störf án staðsetningar.

Setrið sjálf, væri í umsjón Dalabyggðar og samstarfs m.a. leitað við Samtöu sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV) og Nýsköpunarmiðstöð Íslands (og síðar þá aðila sem taka við verkefnum hennar). Þá væri hægt að kanna áhuga fyrirtækja innan sveitarfélagsins um verkefni sem unnin gætu verið í samstarfi við þau og horfa þar til verkefna og starfa sem hægt er að vinna óháð búsetu utan höfuðborgarsvæðisins eða stærri byggðarkjarna.

Nýsköpunarsetur gæti stuðlað að aukinni verðmætasköpun og eflingu atvinnulífs. Nú þegar er verið að vinna að uppsetningu framleiðslueldhúss og mögulegri matarsmiðju á svæðinu sem gefur möguleika á samstarfi þar á milli líka.

Með nýsköpunarsetri væri ekki aðeins verið að útbúa aðstöðu heldur einnig byggja upp samfélag nýsköpunar innan Dalabyggðar sem veitti verkefnum og hugmyndum stuðning til að komast í framkvæmd. Horft er til húsnæðis í eigu ríkisins á fyrstu hæð í stjórnsýsluhúsi Dalabyggðar að Miðbraut 11 sem stendur autt. Húsnæðið mætti vel nýta fyrir nýsköpunarsetur og það auðveldar Dalabyggð að hafa umsjón með verkefninu að skrifstofur sveitarfélagsins eru í sama húsi. Sem dæmi um þjónustu sem myndi styðja vel við verkefnið er að ráðgjafar SSV eru með reglulega viðtalstíma á skrifstofu sveitarfélagsins og þar eru einnig haldnir fundir sem eru samráðsvettvangur sveitarfélags, atvinnurekenda og fyrirtækja á svæðinu.

Er lagt til við byggðarráð að Dalabyggð sendi erindi til ráðherra ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunar og óski eftir liðsinni við að koma verkefninu í framkvæmd.